

98
18. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941,
um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „fyrir árslok 1947“ í 1. gr. laganna komi: fyrir 1. júlí 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

99
18. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á 5. gr. II. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðin „eða stjarna“ í 2. tölulið falli niður.
2. 7. töluliður orðist svo: Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á hauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.
3. 9. töluliður orðist svo: Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
4. 10. töluliður orðist svo: Þekking á hæðarleiddréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
5. Nýr töluliður nr. 11 bætist við greinina: Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

2. gr.

Á 6. gr. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Málsgreinin „Að kunna að finna breiddina af athugun sólar“ o. s. frv., falli niður.
2. Málsgreinin „Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu“ o. s. frv., falli niður.

3. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Við stýrimannaskólann skulu, auk skólustjóra, vera að jafnaði fjórir skip-